

Kirkjuþing unga fólksins 2016.  
3. mál –þskj. 10.

### Nefndarálit

við tillögu til þingsályktunar um breytingar á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009 varðandi meðferð þingmála kirkjuþings unga fólksins.

Frsm. Unnur Hlíf Rúnarsdóttir

Kirkjuþing unga fólksins 2016 ályktar að flytja skuli á kirkjuþingi þjóðkirkjunnar 2016 svofelldar breytingar á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009:

1. gr.

Við 7. gr. starfsreglna um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009 bætast fjórir nýir málslíðir svohljóðandi:

Að loknu kirkjuþingi unga fólksins skulu öll þingmál ásamt nefndarálitum og öðrum fylgiskjölum vera birt almenningi á vefsvæði kirkjuþings. Þar skulu jafnframt koma fram upplýsingar um afdrif þingmálanna.

Kirkjuþingsfulltrúar fá upplýsingar um afgreiðslu mála síðasta þings eigi síðar en fjórum vikum fyrir settan þingdag.

Á kirkjuþingi unga fólksins skal forseti kirkjuráðs, eða staðgengill, gera grein fyrir afgreiðslu þingmála fyrra kirkjuþings unga fólksins og svara fyrirspurnum frá þingmönnum.

~~Sé það mat þingmanna á kirkjuþingi unga fólksins að ekki hafi verið unnið úr málunum á fullnægjandi hátt geta þingmenn lagt fram þingmál með öðrum þingmálum á þinginu og eiga þá ákvæði starfsreglna þessara um framlagningarfresti þingmála ekki við.~~

~~2. gr. Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi þegar í stað.~~

*Greinargerð:*

Nú hefur kirkjuþing unga fólksins starfað síðan 2011 og það hefur margt áunnist og margt fært til betri vegar. Starfsreglur kirkjuþingsins hafa tekið breytingum eftir að reynsla var komin og það ljóst að ákveðnar breytingar yrðu til bóta fyrir störf þingsins.

Á kirkjuþingi unga fólksins 2015 var samþykkt tillaga um viðauka við starfsreglur KUF um meðferð þingmála á kirkjuþingi unga fólksins eftir þinglok (Kirkjuþing unga fólksins 2015. 1. mál þskj. 1). Þar sem farið er fram á að fulltrúar KUF fá að vita um afdrif þingmála frá fyrra ári eigi síðar en þremur vikum fyrir þingdag og að á þingdegi skuli fulltrúi frá kirkjuráði lesa greinargerð um afdrif þingmála fyrra kirkjuþings unga fólksins og svara fyrirspurnum frá þingmönnum. Sé það mat þingmanna á kirkjuþingi unga fólksins að ekki hafi verið unnið úr

málunum á fullnægjandi hátt geta þingmenn lagt fram þingtillögu með öðrum þingmálum. Þingsályktunartillagan innihaldi greinargóða lýsingu á því sem betur hefði mátt fara í meðferð málsins og tillögur til breytinga.

**Tillagan var samþykkt samhljóða og nú berum við fram tillöguna í annað sinn með örlitlum breytingum því við teljum að þessar breytingar á starfsreglum KUF séu mjög mikilvægar og yrðu mjög til bóta fyrir störf þingsins.**

Lagt er til að komið verði upp rafrænum vettvang á vegum kirkjuþings unga fólksins. Myndi það vera umræðuvettvangur fyrir fulltrúa einnig sem hægt væri að nálgast þingtillögur fyrri ára. Þingtillögur fyrri ára þyrfti að vera hægt að nálgast á skipulegan og einfaldan máta, auk þess þyrftu fulltrúar að eiga kost á að nálgast meðferð þingmála fyrri ára.

Fylgiskjöl

Fskj 1: <http://kirkjuthing.is/log-og-reglur/starfsreglur/starfsreglur-um-kirkjuthing-unga-folksins-nr-9522009/>

Fskj 2: Kirkjuþing unga fólksins 2015 1. mál - þskj 1

## Ítarefni

7. gr.

Kirkjuþing unga fólksins starfar á boðuðum þingfundum og í þremur þingnefndum. Í upphafi þingsins skulu lögð fram mál sem fjalla á um á þinginu. Fulltrúum ber að skila inn þingmálum til verkefnisstjóra kirkjuþings unga fólksins og biskupsstofu a.m.k. tíu dögum fyrir upphaf þings. Þessum aðilum ber að koma málunum fullnum til þingmanna ekki síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf þingsins.

Eftir fyrri umræðu skal málinu vísað til nefndar. Forseti og varaforsetar skipa fulltrúa í nefndirnar svo og formenn þeirra. Formaður nefndar ber ábyrgð á skipulagningu nefndar-starfsins og getur kallað til utanaðkomandi aðila inn á nefndarfund. Formaður kynnir á þingfundi niðurstöðu nefndar. Mál eru samþykkt með handauppréttingu eða skriflegri atkvæðagreiðslu ef einhver óskar þess og dugir einfaldur meirihluti. Ályktanir og samþykktir kirkjuþings unga fólksins skulu sendar kirkjuráði til umfjöllunar og með-ferðar.

Að loknu kirkjuþingi **unga fólksins skulu öll þingmál ásamt nefndarálitum og öðrum fylgiskjöllum vera birt fyrir almenningi á vefsvæði kirkjuþings. Þar skulu jafnframt koma fram upplýsingar um afdrif þingmálanna.**

**Kirkjuþingsfulltrúar fá upplýsingar um afgreiðslu mála síðasta þings eigi síðar en fjórum vikum fyrir settan þingdag.**

**Á kirkjuþingi unga fólksins skal forseti kirkjuráðs, eða staðgengill, gera grein fyrir afgreiðslu þingmála fyrra kirkjuþings unga fólksins og svara fyrirspurnum frá þingmönnum.**

~~Sé það mat þingmanna á kirkjuþingi unga fólksins að ekki hafi verið unnið úr málunum á fullnægjandi hátt geta þingmenn lagt fram þingmál með öðrum þingmálum á þinginu og eiga þá ákvæði starfsreglna þessara um framlagningarfresti þingmála ekki við.~~